

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Aðstoð sú, sem öldruðu fólki er veitt í heimahúsum á vegum sveitarfélaga samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum (l. nr. 10/1952 sbr. l. nr. 58/1963) nefnist heimilisþjónusta og konur þær, sem aðstoðina annast, nefnast þjónustur.

2. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að koma á fót og starfrækja heimilisþjónustu hver í sínu sveitarfélagi. Einnig er sveitarfélögum heimilt að sameinast um slíka starfsemi.

Fela má framkvæmd heimilisþjónustunnar félagi eða stofnun undir yfirstjórn sveitarstjórnar.

3. gr.

Hlutverk heimilisþjónustu er að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum.

Hversu lengi aðstoðin er veitt fer eftir aðstæðum í hverju tilfelli samkvæmt mati stjórnanda heimilisþjónustunnar.

4. gr.

Umsókn um heimilisþjónustu skal fylgja vottorð læknis um heilsufar umsækjanda.

5. gr.

Hafa skal samráð við vandamenn hins aldraða um heimilisþjónustuna, ef kostur er, ella skal hafa samráð við heimilislækni hans einkum með tilliti til öryggis hins aldraða. Nánari reglur um þetta atriði má setja í reglum, sem settar eru samkvæmt 8. gr.

6. gr.

Stjórnandi heimilisþjónustunnar skal ganga úr skugga um, að þjónusturnar séu hæfar til starfsins og skulu þær að öðru jöfnu ganga fyrir, sem lokið hafa tilskildu námskeiði.

7. gr.

Þjónustur skulu leggja fram heilbrigðisvottorð frá hlutaðeigandi héraðslækni eða trúnaðarlækni sveitarfélags. Einnig er þeim skylt, að undirgangast læknisskoðun og bólusetningar, ef nauðsyn krefur að dómi stjórnanda heimilisþjónustunnar eða héraðslæknis.

8. gr.

Stjórnendur heimilisþjónustu á hverjum stað setja reglur um það, hvaða störf um þjónustur skulu gegna á heimilum aldraðra, og skal bæði þjónustunum og þiggjendum aðstoðar þeirra skylt að fara eftir þeim reglum. Þiggjendum heimilisþjónustu skulu látnar nefndar reglur í té.

9. gr.

Þjónustur skulu gæta þagmælsku um það, sem þær komast að í starfi sínu.

10. gr.

Þjónustur taka laun sín hjá sveitarsjóði og er þeim óheimilt að taka við neins konar greiðslum eða gjöfum frá þeim, sem þær veita aðstoð.

11. gr.

Sá, sem nýtur heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða fyrir hana eftir reglum, sem sveitarstjórn setur. Þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu þó undanþegnir greiðsluskyldu.

12. gr.

Tryggingaráð getur að beiðni sveitarfélaga ákveðið, að útgjöld vegna heimilisþjónustu, sem veitt er ellilífeyrisþegum, skuli að nokkru eða öllu leyti reiknuð sem uppbætur á lífeyri samkvæmt 19. grein almannatryggingalaga, enda séu reglur samkvæmt 11. grein þessarar reglugerðar samþykktar af tryggingaráði.

Uppbætur þessar greiðast að $\frac{3}{5}$ hlutum af Tryggingastofnuninni en að $\frac{2}{5}$ af hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ríkissjóður endurgreiðir síðan sveitarfélaginu $\frac{1}{3}$ þess kostnaðar, er kemur í þess hlut.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, sbr. lög nr. 58 22. apríl 1963 um breyting á þeim lögum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júní 1971.

Emil Jónsson.

Jón S. Ólafsson.